



Akureyrarbær

Akureyri, 17. febrúar 2020

Ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
c/o Guðni Geir Einarsson
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu
Sölvhóls götu 7, 101 Reykjavík

Varðar: Umsókn um stuðning vegna úttektar á rekstri málaflokks fatlaðra hjá Akureyrarbæ.

Akureyrarbær rekur lang umfangsmestu þjónustu við fatlað fólk utan Reykjavíkur. Hallarekstur þjónustunnar síðastliðins árs verður að öllum líkindum um 100 milljónir króna og uppsafnaður halli er í kringum hálfur milljarður milli árunna 2011-2019. Eðlilega á sveitarfélagið ekki að greiða með þessum rekstri og óskar því eftir fjármagni frá Jöfnunarsjóði til þess að taka út reksturinn á mála- flokknum.

Fyrir stuttu fékk Akureyrarbær erindi frá Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga þar sem óskað er eftir upplýsingum um aðgerðir til þess að létta rekstur A-hluta sveitarfélagsins sem hefur verið neikvæður undanfarin 4 ár.

Á grundvelli 4. gr. rgl. nr. 145/2019 í reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk sækir sveitarfélagið hér með um stuðning frá Jöfnunarsjóði vegna þeirrar vinnu sem fara þarf fram við úttektina.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri